



Almannavarnir Árnessýslu

12. fundur Almanna-Árnessýslu, haldinn þriðjudaginn 16. október, 2012 kl: 17:00 í Hótel Selfoss (Norðursal)

Mætt:

Árborg	Ásta Stefánsdóttir
Flóahreppur	Margrét Sigurðardóttir
Grímsnes- og Grafningshreppur	Gunnar Þorgeirsson
Hrunamannahreppur	Jón G. Valgeirsson
Bláskógabyggð	Drífa Kristjánsdóttir
Sýslumaðurinn í Árnessýslu	Ólafur Helgi Kjartansson
Lögreglan	Oddur Árnason
Almannavarnir Árnessýslu	Pétur Pétursson
Almannavarnir Árnessýslu	Kristján Einarsson

Aldís Hafsteinsdóttir, Ólafur Ö. Ólafsson og Magnús Skúlason boðuðu forföll

Fulltrúar eftirtalinna aðila voru gestir fundarins:

Hjálparveit skáta Hveragerði	Lárus Kristinn Guðmundsson
Björgunarfélag Árborgar	Karl Ágúst Hoffritz
Björgunarfélag Árborgar	Inga Birna Pálsdóttir
Björgunarsveit Biskupstungna	Andrés Bjarnason
Björgunarsveitin Mannbjörg	Ásgeir Guðmundsson
Björgunarsveitin Sigurgeir	Björgvin Þór Harðarson
Björgunarfélagið Eyvindur	Borgþór Vignisson
Björgunarsveitin Björg	Guðjón Guðmundsson
Hjálparveitin Tintron	Jón Þorkell Jóhannsson
Svæðisstjórnar björgunarsveita	Steingrímur Jónsson
Svæðisstjórnar björgunarsveita	Þorvaldur Guðmundsson
Rauði krossinn í Hveragerði	Örn Guðmundsson
Rauði krossinn í Árnessýslu	Guðrún Bergmann
Björgunarsveitin Ingunn (Forföll)	Bjarni Daníel Daníelsson

1. **Staðsetning stjórnstöðvar Almanna-Árnessýslu.**

Formaður, Ásta Stefánsdóttir fór yfir málið í nokkrum orðum og bar síðan upp eftirfarandi tillögu;

Almanna-Árnessýslu, fulltrúar Björgunarfélagsins Árborgar, fulltrúar Svæðisstjórnar björgunarsveita í Árnessýslu, fulltrúar björgunarsveita í Árnessýslu, fulltrúar Rauðakrossins í Árnessýslu og fulltrúar lögreglustjóra samþykkja að framtíðar staðsetning Stjórnstöðvar Almanna-Árnessýslu verði í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi“

Nokkrar umræður fóru fram um tillöguna, búnaðarmál stöðvarinnar, skipulag í stórum aðgerðum o.fl.

Fram kom að í stórum dráttum er byggt á þeim búnaði sem fyrir er í húsinu og einnig búnaði sem fengin er að í stórum verkefnum.

Aðilar voru sammála um að efla þyrfti búnaðarmál í framtíðinni í stöðinni og halda honum við með eðlilegum hætti eins og gert hefur verið.

Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Samkomulag Almanna- og lögreglustjóra við hjálparlið í umdæminu

Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri, fór yfir þá samninga sem lágu fyrir fundinum til undirskriftar. Um var að ræða samkomulag Almanna- og lögreglustjóra við hjálparlið í umdæminu, björgunarsveitir og Rauðakrossdeildir.

Að lokinni yfirferð Ólafs var skrifað undir viðkomandi samninga. Björgunarsveitarfólk skrifaði undir samning er snéri að þeirra félögum, og Rauðakrossfólk skrifaði undir samning sem átti við þeirra deildir.

Öllum formönnum deilda verður sent í tölvupósti, afrit af undirskrifuðum samningi.

3. Önnur mál

a) Fyrirhugaðir fundir.

Samþykkt að leita eftir því við fulltrúa Almanna- og lögreglustjóra að halda næsta fund AA í stjórnstöðinni á Hellu.

Markmiðið fundarins er að kynnast starfsemi Almanna- og lögreglustjóra í Rangárvallasýslu og skoða aðstöðumál.

Kristján falið að hafa samband við Kjartan Þorkelsson og hans menn varðandi möguleika á fundarhaldi um miðjan desember.

b) Fyrirhugaðar æfingar

Oddur greindi frá fyrirhugaðri æfingu í tengslum við mögulegt ferjuslys við suðurströndina. Í gangi er vinna varðandi æfinguna sem ekki hefur verið tímasett.

Samþykkt að Oddur og Kristján skoði þessa æfingu með það í huga að hún nýttist Almanna- og lögreglustjórnarmönnum og vettvangsstjórn.

Samþykkt að huga að æfingu fyrir vettvangsstjóra.

c) Fjárhagsáætlun AA fyrir árið 2013

Kristján lagði fram áætlun n.k. árs.

Eftir töluverðar umræður t.d. varðandi uppbyggingu stjórnstöðvar Almanna- og lögreglustjóra o.fl. var samþykkt að hækka framlag til þess málaflokks um kr. 1.0 millj.

Áætlunin samþykkt samhljóða.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 18.45.